

☒ Fw: Re: Ósk um umsögn - breyting á deiliskipulagi í Dalabyggð

Búið til	20.5.2022 16:49:42
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	20.5.2022 16:49:42
Tilheyrir	📁 202204-0015 - Breyting á deiliskipulagi í Dalabyggð - fyrir Ólafsdal við Gilsfjörð.

Efni

Fw: Re: Ósk um umsögn - breyting á deiliskipulagi í Dalabyggð

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	20.5.2022 16:49:42	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	skipulag@dalir.is
Cc	Snorri.Sigurdsson@ni.is, eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

<p>Sæl,</p> <p>Mig langar aðeins að bæta við umsögnina sem jarðfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands.</p> <p>Úr gilinu úr Lambadalshyrnu þar sem Lambadalsá rennur niður í Ólafsdalinn er afskaplega stór og falleg skriðukeila. Á nýju deiliskipulagi er ráðgert er að rækta skóg (utan girðinga) á þessu svæði. Vegna stærðar og formfegurðar keilunnar mælist ég til að skriðukeilan fái þróast á sinn hátt og verði undanskilin sem skógræktarreitir. Þar að auki gæti reynst erfitt að rækta í henni vegna sífelldra breytinga á skriðuefni og vatnsgangi úr gilinu.</p> <p>Virðingarfyllt,</p> <p>Lovísa Ásbjörnsdóttir</p> <p>.....</p> <p>Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær. Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFPbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRny%2BdfM%3D&reserved=0)</p>
--



Forwarded by Lovísa Ásbjörnsdóttir on 20.5.2022 16:35:30

From: "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
To: "skipulag@dalir.is" <skipulag@dalir.is>
CC: "Eydís Líndal Finnbogadóttir - NI" <eydis.l.finnbogadottir@ni.is>
Subject: Re: Ósk um umsögn - breyting á deiliskipulagi í Dalabyggð
Date: 19.5.2022 16:53:19

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202204-0015 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Dalabyggðar, dags. 11. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á dalaskipulagi fyrir Ólafsdal við Gilsfjörð.

Stefnt er að því að skilgreina gönguleiðir, áningarstaði og skógræktarsvæði í Ólafsdal. Náttúrufræðistofnun gerir engar athugasemdir við áformaðar gönguleiðir eða áningarstaði.

Varðandi áform um skógrækt kemur fram að bæði við áform um skógrækt innan og utan girðingar var horft til vistgerðakorts Náttúrufræðistofnunar og forðast að rækta skóg í vistgerðum með hátt verndargildi. Það er jákvætt sem og að stefnt er að því að nota eingöngu innlendar tegundir s.s. birki, víði og reyni frekar en aðfluttar trjátegundir. Skógrækt af þessum toga ætti ekki að hafa neikvæð ásynðaráhrif innarlega í Ólafsdal. Náttúrufræðistofnun gerir því engar sérstakar athugasemdir við áformin.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



From: "Þórður Már Sigfússon" <skipulag@dalir.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Ósk um umsögn - breyting á deiliskipulagi í Dalabyggð
Date: 11.4.2022 11:06:45

Náttúrufræðistofnun Íslands

Urriðaholtsstræti 6-8

2010 Garðabæ

Góðan dag,

á fundi sínum þann 5. apríl sl. samþykkti sveitarstjórn Dalabyggðar til lögbundinnar auglýsingar skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ólafsdal við Gilsfjörð.

Deiliskipulagsbreytingin fellst í stækkun skipulagssvæðisins til að koma fyrir merktum gönguleiðum um dalinn, áningarstöðum með upplýsingaskiltum, prílum yfir girðingu og skógrækt. Þá eru nokkrir byggingarreitir stækkaðir og byggingarreit fyrir salernisaðstöðu við bílastæði og tjaldsvæði við tóvinnuhús bætt inn á uppdrátt. Einnig er legu aðkomuvegar breytt lítillega. Breytingin er sýnd á deiliskipulagsuppdrætti í mælikvarðanum 1:1000 og skýringaruppdrætti í mælikvarðanum 1:7500.

Óskað er umsagnar skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umsagnafrestur vegna ofangreindrar tillögu er til 20. maí 2022 og skal umsögnum vinsamlegast skilað til skipulagsfulltrúa Dalabyggðar, Stjórnsýsluhúsinu að Miðbraut 11, 370 Búðardal eða með tölvupósti í netfangið: skipulag@dalir.is (mailto:skipulag@dalir.is), merkt *Ólafsdalur – breyting á deiliskipulagi*.

Gögn skipulagstillögunnar er að finna í viðhengi og hægt verður að fá þau á pappírformi sé þess óskað sérstaklega.

Virðingarfyllst,

Þórður Már Sigfússon

Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi

Netfang / email: skipulag@dalir.is (mailto:skipulag@dalir.is)

Viðhengi

image001.png (5 KB)

image002.png (11 KB)